

REGLUGERÐ**um bann við togveiðum fyrir Austfjörðum.**

1. gr.

Frá og með 31. maí 1988 eru allar togveiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af eftirfarandi punktum:

1. 64°02'54 N – 13°13'12 V
2. 64°01'05 N – 13°38'47 V
3. 64°27'13 N – 13°14'20 V
4. 64°33'59 N – 12°31'37 V
5. 64°25'14 N – 12°23'59 V
6. 64°19'32 N – 12°31'06 V
7. 64°05'40 N – 13°04'32 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 31. maí 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 231, 6. maí 1988, um bann við togveiðum út af Austfjörðum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. maí 1988.

F.h.r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórsson.

REGLUGERÐ**um flutning verkefna og önnur skil frá sýslunefndum til sveitarfélaga og héraðsnefnda.**

1. gr.

Héraðsnefndir, í umboði sveitarfélaga, taka í síðasta lagi 1. janúar 1989 við þeim verkefnum sem sýslufélögum/sýslunefndum eru nú falin með lögum, samkvæmt 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

2. gr.

Héraðsnefndir skulu frá sama tíma taka við öðrum þeim verkefnum sem sýslufélög hafa haft með höndum nema sveitarfélög, sem í hlut eiga, kjósi að taka við þeim sjálf eða fela þau öðrum s.s. byggðasamlögum eða landshlutasamtökum, samanber IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

3. gr.

Sveitarfélög innan hvers sýslufélags skulu sameiginlega tilkynna oddvitum sýslunefnda fyrir 1. október 1988 um formlega stofnun héraðsnefndar. Jafnframt skal tilkynna oddvita sýslunefndar fyrir sama tíma ef verkefni sýslufélaga skulu flytjast til annarra aðila en héraðsnefndar, samanber 2. gr.